

1865.

1. des.

það er að skilja þesskonar lóð, sem vega 100, 50, 20, 10, 5, 1 pund, 50, 20, 10, 5, 2, 1 kvint, 5, 2, 1 ort og tugabrot úr orti, svo og pundarar, sem eru markaðir eptir sama vogarlagi. Þangaðtil konungur skipar öðruvísi fyrir skal þó leyft vera að nota þau vogarlóð, sem áður hafa löggilt verið og sem vega $\frac{1}{4}$, $\frac{1}{8}$, $\frac{1}{16}$ og $\frac{1}{32}$ úr pundi, svo og pundara, sem löggiltir hafa verið eptir hinu eldra vogarlagi, og einnig vogarlóð, sem vega 160, 80, 64, 32, 16, 8, 4 pund, þó eru undanskilin þau járnlóð, þarsem blýið, sem löggildingarmerkið er sett á, liggur ofaná járninu og engin upphækkun brún hlífir því.

5. grein.

Heimilt skal stjórninni að nema úr gildi aðrar vogir, sem nú eru við hafðar, og að láta verzlunarvogina koma í stað þeirra, svo og að gefa tugabrotunum úr orti sérstakleg nöfn, ef það virðist nauðsynlegt.

6. grein.

Lagaboð þetta öðlast gildi 1. dag júlímán. 1867.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér þegnlega að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað Kaupmannahöfn

1. dag desembermánaðar 1865.

14. des.

97. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna yfir Íslandi, um lækningakver O. Bangs konferenzráðs.

Dómsmálastjórnin hefir fengið frá Dr. med. O. Bang, konferenzráði, nokkur exemplör af lækningakveri því, er hann hefir samið handa almenningi og svo heitir: „Hvem skal jeg vælge til min Huuslæge“, til útbýtingar á Færeyjum, Íslandi og Grænlandi.

Vér sendum yður nú, herra stiptamtmaður (amtmaður), 25 (16) exemplör af riti þessu, og biðjum yður útbýta þeim í suðurumdæminu (vesturumdæminu, norður- og austurumdæminu) á þann hátt, sem þér álitid hagfelldastan.